



Fundargerð
Stjórnarfundur nr.50

Stjórnarfundur Norðurár bs. haldinn í Ráðhúsinu Sauðárkróki, þriðjudaginn 25. september 2012, kl. 18.00

Mættir voru Magnús B. Jónsson, Gísli Árnason, Jón Sigurðsson og Margeir Friðriksson, fjármálastjóri.

Formaður, Magnús B. Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Ákvörðun um töku skammtímaláns

Margeir kynnti stöðu lausafjár og að félagið þurfi að taka skammtímalán til að standa undir fjármögnun á framkvæmdum við stækkun urðunarhólfs í Stekkjarvík. Hann greindi frá því að félaginu byðist að taka tvo víxla hjá Íslenskum verðbréfum hf. hvorn að upphæð 10 milljónir króna með gjalddaga í janúar 2013.

Eftirfarandi bókun var gerð varðandi lántökuna:

Stjórn Norðurár bs. samþykkir að taka skammtímalán að upphæð 20 milljónir króna hjá Íslenskum verðbréfum hf. og veitir Margeiri Friðrikssyni umboð til að undirrita þau skjöl sem lántökuna varða fyrir hönd Norðurár bs.

2. Önnur mál

Engin

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.15
